

## **Vertu rödd en ekki bergmál**

Oft heyrir maður að allir kennarar séu í raun íslenskukennarar því móðurmálið okkar fléttast inn í sérhverja námsgrein. Við tökum undir með Ian Morris (2009) og segjum "Allir kennarar eru í raun lífsleiknikennarar". Lífsleikni er hluti af öllu námi og styður við allt nám! – líklega eitt mikilvægasta fag skólans. Í lífsleikni læra börnin ekki utanbókar aðferðir og almenna vitneskju, þar læra þau hvernig þau geta verið bestu útgáfurnar af sjálfum sér. Markmið allra námsgreina geta hver með sínum hætti verið samþætt markmiðum lífsleikni og því er mikilvægt að allir kennarar séu meðvitaðir um hlutverk sitt sem lífsleiknikennarar.

Staðreyndin er aftur á móti sú að marga kennara skortir þekkingu á því hvað felst í raun og veru í þessu stóra hlutverki að vera lífsleiknikennari. Tímaþröng, skortur á heildstæðu námsefni, síbreytilegt þjóðfélag (og þar með viðfangsefni), vanþekking og óöryggi kennara hefur valdið því að sú lífsleikni sem hefur verið kennd undanfarin ár hefur meira og minna staðið og fallið með viðkomandi kennurum. Oft á tíðum hafa kennslustundirnar verið notaðar til uppfyllingar, til að vinna upp efni í öðrum greinum eða einfaldlega í eitthvað allt annað en markvissa lífsleiknikennslu. Þetta er mikið áhyggjuefni því góð lífsleiknikennsla er lykilþáttur í að sporna gegn áhættuhegðun, efla seiglu, tilfinningalæsi, borgaravitund, samskiptafærni, sjálfsþekkingu, styrkja sjálfsmynd og hefur þannig jákvæð áhrif á alhliða námsárangur í öllum fögum. Lífsleikni er síbreytileg og viðkvæm námsgrein og mikilvægt að sá kennari sem kennir hana sé ekki aðeins nokkuð „leikinn í lífinu“ sjálfur heldur sé hann meðvitaður um það hvað felst í því að kenna lífsleikni og hvernig hann geti sem best aðstoðað nemendur sína við að ná hæfniviðmiðum lífsleikninnar.

Árið 2016 fékk Álfhólsskóli styrk frá Lýðheilsusjóði til að vinna verkefni í tengslum við geðheilsu, lífsleikni og sjálfstyrkingu. Verkefnið, sem var kallað „Allir kennarar eru lífsleiknikennarar“, gekk mjög vel og var tekin sú ákvörðun að halda áfram með þetta þróunarverkefni á skólaárinu þrátt fyrir að styrknum sé lokið og nú undir heitinu „Vertu rödd en ekki bergmál“.

Samkvæmt Aðalnámskrá ber grunnskólanum að sinna lífsleiknikennslu á öllum stigum. Lífsleiknin tengist grunnþáttum menntunar og góð lífsleiknikennsla eflir lykilhæfni nemenda á öllum sviðum. Með verkefninu „Vertu rödd en ekki bergmál“ er markmiðið að efla lífsleiknikennslu í Álfhólsskóla, ekki síður sem liður í forvarnaráætlunskólans sem og skólamenningaráætlun Öll sem eitt. Markmiðið er að fræða hinn almenna kennara um lífsleiknikennslu, mikilvægi hennar og hvað í henni felst, veita kennurum stuðning í lífsleiknikennslu, hvetja kennara til að vera fyrirmyndir og sína sjálfir fram á leikni í lífinu svo allir kennarar geti sinnt þessu mikilvæga hlutverki sínu í allri kennslu. Einnig er markmið að umsjónarkennarar á yngri stigum og faggreinakennarar í lífsleikni á eldra stigi öðlist meira öryggi í að sinna markvissri lífsleiknikennslu.